

Selfossi, 10. desember 2004

Umsögn vegna þingskjals 24 – 24. mál 131. löggjafarþing 2004-2005.

Tillaga til þingsályktunar um stofnun sérkennslu- og meðferðardagdeildar fyrir börn með geðrænan og félagslegan vanda.

Sendandi: Kristín Hreinsdóttir, forstöðumaður, Skólaskrifstofu Suðurlands og
Ragnar S Ragnarsson, sálfræðingur, Skólaskrifstofu Suðurlands.

Ekki eru gerðar athugasemdir við texta tillögunnar, en eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við texta greinargerðar:

bls. 2; 5. mgr. en þar segir: „í grunnskólum á þjónustusvæði Skólaskrifstofu Suðurlands eru um þessar mundir u.þ.b. tíu nemendur sem eiga í verulegum erfiðleikum með skólaveru sína og nám vegna alvarlegra hegðunar- og tilfinningaraskana.“

Þessi hópur er síbreytilegur og skv. síðustu tölum frá skólabyrjun 2004-2005 er hópurinn nú 16 börn, þar af 5 sem eru mjög illa stödd og þurfa tafarlaust úrræði.

bls. 2; 6. mgr. en þar segir: „hjá Skólaskrifstofu Suðurlands hafa verið lagðar fram hugmyndir um að á vegum Heilbrigðisstofnunar Selfoss verði stofnuð í tilraunaskyni dagdeild fyrir geðfötluð börn.“

Á aðalfundi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem haldinn var í Vestmannaeyjum 13. – 14. nóv. 2004 var eftirfarandi tillaga samþykkt:

Aðalfundur SASS, haldinn í Vestmannaeyjum 13. og 14. nóvember 2004, styður heilshugar framkomna hugmynd um stofnun sérdeildar fyrir börn með hegðunar- og tilfinningaraskanir. Um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára.

Tillaga um kostnaðarskiptingu verði: 40% ríki, 40% lögheimilissveitarfélag og 20% komi í hlut aðildarsveitarfélaga. Að tilraunátímanum loknum verði tekin til endurskoðunar kostnaðarskipting sveitarfélaganna og rekstrarform.

Samþykkt var að á meðan á tilrauninni stendur verði verkefnið í umsjón Skólaskrifstofu Suðurlands.

Það er afar mikilvægt að landshlutarnir séu sjálfstæðari en í dag með þjónustu fyrir börn með hegðunar- og tilfinningaraskanir. Það getur verið mikill kostnaður fyrir fjölskyldur að sækja geðheilbrigðisþjónustu til Reykjavíkur og eins hefur það

Ótvíræða kosti fyrir börn og unglunga að læra að breyta hegðun sinni og ástandi í því umhverfi eða nálægt því umhverfi sem þau hrærast í daglega.

Reynsla okkar er sú að bið eftir þjónustu á Barna- og unglिंगageðdeild er löng og þar hefur ekki verið boðið upp á sambærilega meðferð og þjónustutilboðið í fyrirhugaðri sérdeild fyrir börn með hegðunar- og tilfinningaraskanir í Gaulverjaskóla.